



Reykjavík, 1. apríl 2020

Efni: Ferli þegar upp kemur smit

1. **Veikindi.** Starfsmaður/nemandi verður veikur. Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
2. **Smitrakningarteymi hefur samband.** Spurt út í aðstæður á starfsstaðnum og samskipti þess smitaða við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi
3. **Upplýsingagjöf til smittrakningarteymis.** Smitrakningarteymi sendir tölvupóst frá netfanginu rakning@logregla.is sem inniheldur – 1) exelskjál sem stjórnandi á að fylla út og upplýsa um alla þá sem hafa verið í samskiptum við hinn smitaða frá x degi. Mikilvægt er að sá sem fyllir út, skrái það netfang sem upplýsingarnar eru sendar frá, ásamt nafni og kennitölu. Upplýsingar um kennitölu, nafn, símanúmer og tengsl við þann smitaða. Stjórnandi þarf að fara í þessa greiningarvinnu og spyrja starfsfólk og 2) drög að bréfi til að senda þeim sem ættu að fara í sóttkví – BRÉF 1 – hér fyrir neðan. Exelskjál sent útfyllt á smittrakningarteymið.
4. **Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið úr frá reglunni: Innan 48klst og innan 2metra í meira en 15mín. með þeim smitaða.
5. **Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um skörun/krossun starfsfólks/nemenda koma upp þá er engin hættu tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví sem stendur yfirleitt í tvo daga.
6. **Fyrstu skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks.** Skilaboð til foreldra/forráðamanna og viðkomandi starfsfólks þurfa að berast eins fljótt og mögulegt er. Ef 5 á við þ.e. skörun milli bekkja/deilda og starfsfólks á sóttvarnarsvæði/hólfi þá eru tvenns konar skilaboð send út: 1) til bekkjar/deildar þess smitaða þar sem upplýst er um smit á starfsmanni/nemanda (engin nafngreining nema að undangengnu leyfi) og foreldrar/forráðamenn látnir vita af því að börn þeirra séu komin í sóttkví frá og með xx.xx.xxxx til xx.xx.xxxx. Leiðbeiningar um sóttkví sendar með pósti. Sjá drög að bréfi hér fyrir neðan merkt – BRÉF 1 og 2) skilaboð til foreldra/forráðamanna annarra bekkja/deilda á sóttvarnasvæði/hólfi ef skörun hefur átt sér stað með upplýsingum um 2 daga úrvinnslusóttkví í ljósi aðstæðna til að gæta fyllsta öryggis – BRÉF 3 hér fyrir neðan. Vafi um skörun nær líka til starfsfólks og er hringt í starfsfólk með þessar upplýsingar. Ef engin skörun/krossun hefur átt sér stað þá er - BRÉF 1 - sent á foreldra/forráðamenn bekkjar/deildar til upplýsinga.
7. **Önnur skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks.** Skilaboðum frá fyrri degi fylgt eftir með nýjum skilaboðum. Sóttkví ítrekuð hjá bekk/deild þess smitaða – sjá BRÉF 2. Upplýsingar um afléttingu/ekki afléttingu sendar á þá bekk/deildir sem vafamál var um. Ef aflétting þá BRÉF 4. Ef niðurstaðan er sóttkví fyrir stærri hóp en bekk/deild þá BRÉF 5 – sjá fyrir neðan.



BRÉF 1 – FYRRI SKILABOÐ

Tilkynning I send í upplýsingakerfi t.d. Mentor, Námfús og Innu til foreldra/forráðamanna í bekk smitaðs einstaklings.

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í x. xx í xx

Að kröfu sóttvarnalæknis þurfa nemendur í x.xx í xskóla, að fara í sóttkví frá og með xx.xx.xxxx til og með xx.xx.xxxx þar sem þeir voru útsettir fyrir smiti vegna COVID-19 veirunnar. Aðrir á heimilinu sem ekki voru útsettir fyrir smitinu þurfa EKKI í sóttkví. Ef um ungt barn er að ræða er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu.

Einstaklingur fer í sóttkví ef hann hefur:

- Mögulega umgengist einstakling með nýja kórónuveirusýkingu.
- Verið á áhættusvæði en er ekki ennþá veikur sjálfur.

Í þessu tilviki er um að ræða starfsmann/samnemanda á sama sóttvarnarsvæði sem er smitaður af COVID-19. Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef embættis landlæknis og á www.covid.is

Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt. Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá þér eða fjölskyldu þinni á næstu 14 dögum, hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaksíma 1700 með ofangreindar upplýsingar.

Frekari upplýsingar um COVID-19, ef engin veikindi eru til staðar, má finna á heimasíðunni www.covid.is

Virðingarfyllst,

xxxx, skólastjóri xxx

GSM xxx-xxxx, xxx@xxx.is

xxxx, aðstoðarskólastjóri,

GSM xxx-xxxx, xxx@xxx.is



BRÉF 2 – SEINNI SKILABOÐ

Tilkynning II send í upplýsingakerfi t.d. Mentor, Námfús og Innu til foreldra/forráðamanna í bekk smitaðs einstaklings.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í **x.xx**

Við höfum í dag unnið náíð með smitrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis við að skoða mögulegar smitleiðir og það er staðfest að bekkurinn verður áfram í sóttkví eins og áður kom fram. Búið er að aflétta úrvinnslusóttkví hjá öðrum bekkjum. Við vonum að sóttkvíin gangi vel hjá ykkur og nemendur halda áfram sínu heimanámi þrátt fyrir þetta. Nafnalisti með nöfnum barnanna í bekknum er kominn til smitrakningarteymisins og þau eru þar með skráð í sóttkví. Við óskum ykkur góðs gengis og hugsum til ykkar.

Ykkur er að sjálfsgöðu heimilt að leita til okkar eins og þið viljið.

Kær kveðja

xx, skólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx

xx, aðstoðarskólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx



BRÉF 3 – FYRRI SKILABOÐ

Tilkynning I send í upplýsingakerfi t.d. Mentor, Námfús og Innu til foreldra/forráðamanna í öðrum bekkjum sem mögulega tengjast

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í x.xx

Upp hefur komið COVID-19 smit hjá starfsmanni/nemanda á svæði barnsins þíns í skólanum. Til að gæta fyllsta öryggis og varúðar ertu vinsamlega beðin/n að hafa barn þitt heima næstu tvo skóladagana með unnið er að smitrakningu, s.k. úrvinnslusóttkví. Nánari upplýsingar verða sendar út um leið og þær liggja fyrir. Það er velkomið að leita til okkar í skólanum ef eitthvað er óljóst.

Kær kveðja

xx, skólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx

xx, aðstoðarskólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx



BRÉF 4 – SEINNI SKILABOÐ

Tilkynning II send í upplýsingakerfi t.d. Mentor, Námfús og Innu um afléttingu á úrvinnslusóttkví til foreldra/forráðamanna nemenda

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í **x.xx**.

Í samráði við smitrakningateymi almannavarna og sóttvarnalæknis og til að gæta fyllsta öryggis og varúðar var tekin ákvörðun um sóttkví og svokallaða úrvinnslusóttkví í gær meðan unnið var að smitrakningu. Í dag er búin að fara fram heilmikil vinna í að kortleggja smitleiðir, fara yfir samskipti þess smitaða við starfsmenn og nemendur á svæðinu og bekkjanna til að meta betur hverja er nauðsynlegt að hafa áfram í sóttkví og hverja ekki. Það gleður okkur að tilkynna að eftir þessa yfirferð er ljóst að við getum aflétt sóttkví hjá nemendum í **x.xx bekk** og mun **xxx** umsjónarkennari taka á móti nemendum. **x. xx** mætir samkvæmt skipulagi í skólann á sama tíma og áður á **xxdaginn**. Við þurfum morgundaginn til frekari úrvinnslu og undirbúnings.

Kær kveðja

xx, skólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx

xx, aðstoðarskólastjóri

xxx@xxx.is - GSM xxx-xxxx



BRÉF 5 – SEINNI SKILABOÐ

Tilkynning II send í upplýsingakerfi t.d. Mentor, Námfús og Innu til foreldra/forráðamanna bekkja/deilda á sama sóttvarnarsvæði/hólfi og ákveðið hefur verið að senda í sóttkví.

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í x. xx í xx

Við höfum í dag unnið náið með smitrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis við að skoða mögulegar smitleiðir og það er staðfest að bekkurinn verður áfram í sóttkví. Að kröfu sóttvarnalæknis þurfa nemendur í x.xx í xskóla, að fara í sóttkví frá og með xx.xx.xxxx til og með xx.xx.xxxx þar sem þeir voru útsettir fyrir smiti vegna Covid19 veirunnar. Aðrir á heimilinu sem ekki voru útsettir fyrir smitinu þurfa EKKI í sóttkví. Ef um ungt barn er að ræða er nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur fari í sóttkví með barninu.

Einstaklingur fer í sóttkví ef hann hefur:

- Mögulega umgengist einstakling með nýja kórónuveirusýkingu.
- Verið á áhættusvæði en er ekki ennþá veikur sjálfur.

Í þessu tilviki er um að ræða starfsmann/samnemanda á sama sóttvarnarsvæði sem er smitaður af COVID-19. Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef embættis landlæknis og á www.covid.is

Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með Covid19 en eru þó þekkt. Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá þér eða fjölskyldu þinni á næstu 14 dögum, hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaksíma 1700 með ofangreindar upplýsingar.

Frekari upplýsingar um COVID-19, ef engin veikindi eru til staðar, má finna á heimasíðunni www.covid.is. Við vonum að sóttkvíin gangi vel hjá ykkur og nemendur halda áfram sínu heimanámi þrátt fyrir þetta. Nafnalisti með nöfnum barnanna í bekknum er kominn til smitrakningarteymisins og þau eru þar með skráð í sóttkví. Við óskum ykkur góðs gengis og hugsum til ykkar.

Virðingarfyllt,

xxxx, skólastjóri xxx

GSM xxx-xxxx, xxx@xxx.is

xxxx, aðstoðarskólastjóri,

GSM xxx-xxxx, xxx@xxx.is